

## Fundur stjórnar Íslenskrar málnefndar í Safnahúsinu

með fulltrúum atvinnulífsins um stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu 18.1.2018

Fundinn sátu:

Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu  
Davíð Þorláksson og Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins  
María Guðmundsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar  
Þórunn Árnadóttir frá Neytendastofu  
Sigurður Hannesson frá Samtökum iðnaðarins  
Ólafur Stephensen frá Félagi atvinnurekenda  
Vigdís Halldórsdóttir frá Samtökum fjármálafyrirtækja

Frá Íslenskri málnefnd: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir, Þröstur Helgason og Ágústa Þorbergsdóttir, ritari Íslenskrar málnefndar.

*Ármann Jakobsson* setti fundinn og nefndi að tilgangur hans væri sá að Íslensk málnefnd vildi koma á samráði eða samskiptum við atvinnulífið. Mörg mál, sem berast Íslenskri málnefnd, snúast um ríkjandi áherslur í þjóðlífinu og atvinnulífinu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna að því að íslenskan haldi gildi sínu og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Áhersluatriði í starfi nefndarinnar í ár er áhrif fjölmenningsamfélagsins á málið og viðbrögð við auknum ferðamanna-straumi. Samfélagið er fjölmenningsleg og mikil aukning ferðamanna hefur haft áhrif á íslensku sem tungumál landsins. Fjöldi starfsmanna í landinu kann ekki íslensku. Spurningin er sú hvernig á að bregðast við þessum veruleika.

*Guðrún Kvaran* kynnti Íslenska málnefnd og störf hennar. Hún starfar samkvæmt 6. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og er nú sjálfstæð. Guðrún rakti hlutverk málnefndarinnar sem er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Guðrún nefndi einnig að málnefndin geti átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Málnefndinni var falið að semja málstefnu sem samþykkt var á Alþingi árið 2009. Málnefndin heldur einnig árlega málræktarþing. Heimasiða Íslenskrar málnefndar er [www.islenskan.is](http://www.islenskan.is).

Guðrún benti sérstaklega á 1. gr. og 8. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu. Í 1. gr. segir að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi og í 8. gr. segir að íslenskan sé mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.

Ármann rifjaði upp að í lögum um stöðu íslenskrar tungu stæði að stjórnvöld skuli sjá til þess að unnt verði að nota íslenskuna á öllum sviðum þjóðlífs og þeir sem eru búsettir hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt fyrir um í sérlögum. Hann bar síðan fram nokkrar spurningar:

- Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að íslenskan dafni í atvinnulífinu næstu ár eða áratug?
- Hvað er hægt að gera til þess að íslenska hverfi ekki alveg úr ýmsum greinum atvinnulífsins?
- Hvað teljið þið að ykkar samtök geti gert?

*Davíð Þorláksson* sagði að hjá Samtökum atvinnulífsins hefði verið ákveðið að gera máltækni að sérstöku áhersluatriði og að tryggja þyrfti framtíð íslenskunnar í stafrænum heimi. Hann hrósaði

ríkisstjórninni fyrir að hafa ákveðið að leggja 450 milljónir króna til máltækni. Davíð nefndi einnig mikinn fjölda erlendra starfsmanna nú í uppsveiflunni. Margir hafa sest að, s.s. í kjötvinnslu úti á landi og í sjávarútvegi, en í sumum greinum, s.s. í byggingariðnaðinum, væru meiri sveiflur. Það þarf að athuga hvað hægt er að gera fyrir þetta erlenda starfsfólk og hvernig hægt er að gefa því kost á að læra íslensku.

*Andrés Magnússon* sagði að lögð væri áhersla á að allt frá Samtökum verslunar og þjónustu, s.s. bréf til opinberra aðila, væri íslensku og að allt væri mjög nákvæmlega lesið yfir sem frá þeim fer. Andrés nefndi einnig að stór hluti vinnandi fólks væri af erlendum uppruna eða 12–14%. Það væri mikil áskorun að sinna þeim hóp. Hann nefndi einnig samstarf við Rauða krossinn og aðildarfyrirtækja til að hjálpa fólki með annað tungumál en íslensku að ná tökum á málinu. Hundrað orða átakið snerist um að starfsfólk öðlist grunnþekkingu á málinu.

*María Guðmundsdóttir* nefndi mikinn vöxt í ferðaðþjónustu, eða um 30%, og að það væri gríðarlegt verkefni. Hún nefndi Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar sem er samstarfsverkefni til að auka hæfni starfsmanna ferðaðþjónustunnar. Ekki er vitað nákvæmlega um fjölda útlendinga í ferðaðþjónustu en hann er um 7.500 á þessu ári, líklega 10.000. Margir starfsmenn eru frá Póllandi og einnig eru margir frá Asíu. Það er mikil áskorun að koma fræðslu til starfsmanna og kenna þeim íslensku og litið er til rafrænna lausna, s.s. snjallforrita. Fræðslan er að færast yfir til fyrirtækja. María nefndi einnig Evrópuverkefnið TTRAIN, Training the trainers, sem snýst um það að þjálfar þá sem eiga að þjálfar aðra í fyrirtækjum. Ferðaðþjónustan hefur verið í samstarfi við Háskólann á Bifröst með þetta verkefni. Hún benti jafnframt á síðuna áttin.is þar sem upplýsingar eru um styrki starfsmenntasjóða atvinnulífsins til að standa straum af hluta kostnaðar vegna fræðslu.

*Þórunn Árnadóttir* sagði að Neytendastofa reyndi að fylgja því eftir að auglýsingar og upplýsingar sem eiga að koma fram væru á íslensku. Mikið hafi verið kvartað þegar HM auglýsingin birtist á Lækjartorgi. Barist hefur verið fyrir því að íslenskir neytendur geti notað íslensku við kvartanir á Evrópska efnahagssvæðinu (Online Dispute Resolution (ODR)).

*Vigdís Halldórsdóttir* sagði að hjá Samtökum fjármála-fyrirtækja væri reynt að skrifa vandað mál og nota íslensk orð. Hún nefndi gríðarlegt magn tilskipana erlendis frá sem þyrfti að vinna eftir og að Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins hefði ekki undan að þýða þær. Stundum komi þýðingarnar of seint og stundum nái íslensku orðin ekki að festast. Vigdís nefndi þá hugmynd að útbúin yrði einhvers konar samráðsgátt þar sem hægt væri að vinna saman að því að finna heppileg íslensk orð. Þá nefndi hún einnig að sumt efni væri ekki þýtt, s.s. tæknistaðlar.

*Ólafur Stephensen* sagði að það að hlúa að íslensku væri hluti af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja. Hann nefndi sérstaklega nokkrar áskoranir: Í fyrsta lagi þá tækniþróun sem orðið hefur og nauðsyn þess að til séu máltæknilausnir fyrir íslensku. Í öðru lagi samsetningu vinnuafls þar sem boðskipti þurfa að vera bæði á íslensku og á öðru tungumáli. Dæmi eru um að forstjóri fyrirtækis tali enga íslensku. Mikil fræðsluþörf er hjá fyrirtækjum og benti Ólafur á þann möguleika að nýta betur starfsmenntasjóðina. Í þriðja lagi nefndi Ólafur einnig sjálfsmynd og sjálfsvirðingu fyrirtækja, t.d. hvað það varðar að birta auglýsingar sem eru bara erlend slagorð og nafnabreytingar hjá fyrirtækjum. Ólafur tók undir það sem áður kom fram um að stundum væri bagalegt hvað þýðingar á evrópskum reglugerðum birtast seint. Það kemur fyrir að byrjað er að vinna eftir reglugerðum löngu áður en þýðingin er birt. Það getur leitt til þess að allt tungutak í kringum reglugerðirnar er enskuskotið og það er erfitt að vinda ofan af því þegar þýðingin kemur loksins.

*Sigurður Hannesson* nefndi að mikilvægt væri að styðja við máltækni. Einnig væri mikilvægt að erlendir starfsmenn fengju kennslu í íslensku. Þar væri augljósa leiðin að nota starfsmenntasjóðina og gildir það bæði fyrir starfsmenn og fyrirtækin sjálf. Hann benti einnig á að erlent vinnuafli er ekki bara bundið við verkamenn og að í nýrri greinum, s.s. skapandi iðnaði, getur verið erfitt að halda sig við íslensku vegna þess ný orð, sem tengast tæknibreytingum, eru á ensku.

*Pétur Reimarsson* nefndi að hjá Samtökum iðnaðarins hefði nýjum ritreglum verið dreift til allra starfsmanna 2016. Hann tók undir það að Íslendingar ættu að eiga aðgang að leiðbeiningum á eigin tungu. Það þarf að hvetja fyrirtæki til að hafa allar upplýsingar til almennra neytenda á íslensku. Hann nefndi að það væri ástæða til að hafa áhyggjur af tungunni hvað það varðar hve mikið er um slettur í efni handa almenningi. Hins vegar taldi hann að málnefndin gengi stundum of langt í umsögnum um frumvörp til Alþingis þar sem lagt væri til að þýða efni sem kemur aldrei fyrir sjónir almennings. Hann hvatti málnefndina til að velja slagina og styðja við máltækniátakið til að fá fljótari þýðingar.

Ármann spurði hvort eitthvert samstarf væri við skólakerfið varðandi allan þann fjölda starfsmanna sem hefur ekki íslensku að móðurmáli.

*Pétur* benti hér á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem styrkir símenntunarstöðvar úti um allt land. Það er ágætlega sótt en nefndi einnig skólakerfið.

Þar sem sjálfsmynd og sjálfsvirðing fyrirtækja hafði borist í tal á fundinum nefndi Ármann skilti Ísavia þar sem enska er á undan íslensku og höfð með stærra lettri. Hvaða táknrænu skilaboð eru það um stöðu íslenskunnar?

*Davíð* sagði að það væri stór hluti af sjálfsmynd Íslendinga að munað væri eftir íslenskunni í markaðssetningu. Það er óklókt í markaðssetningu að hafa ekki íslensku því að það er menningarupplifun að fá að kynna tungumáli þess lands sem ferðast væri til. Slæmt hvernig ISAVIA hefur gert þetta. Varðandi erlend heiti á fyrirtækjum, sem eru í alþjóðlegri starfsemi um allan heim, sagði hann að það þyrfti að sýna því skilning. Til þess að íslensku fyrirtækin geti náð árangri þá þurfa þau að hafa eitt heiti sem hægt er að bera fram. Það skiptir miklu máli fyrir markaðssetningu. Það er bæði erfitt og dýrt að vera með tvö vörumerki.

Ármann lagði fram eftirfarandi spurningar:

- Hvað teljið þið að ykkar samtök geti gert?
- Hvað geta stjórnvöld gert? Hvað getur Íslensk málnefnd gert?
- Hvað getum við öll gert saman?

*Ólafur* sagði að fyrir stjórnvöld væri mikilvægast að tryggja fjármögnun máltækniverkefnis og að standa fyrir umræðum um þessi mál. Hann benti á að það eru mjög skiptar skoðanir um það hvort nota eigi íslensku eða ensku í fyrirtækjum. Fundir eru stundum á ensku. Sumum finnst mjög eðlilegt að vinna á ensku en öðrum ekki.

*Andrés* nefndi það að efna til almennrar umræðu. Það mætti beina því til félagsmanna og fyrirtækja að nýta betur starfsmenntasjóðina sem greitt er í. Hvað stjórnvöld varðar þá skiptir miklu máli að þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins nái að þýða tilskipanir áður en farið að vinna með þær. Það þarf að sjá til þess að atvinnulífið þurfi ekki að vinna með óþýddar tilskipanir.

*Vigdís* tók undir með Andrésí með vandkvæði að vinna með óþýddar tilskipanir. Það er mikil vinna að þýða reglugerðir og fyrirtækin setja ekki fólk í þá vinnu.

*Sigurður* sagði að aðalmálið væri að vinna saman og að máltækniverkefnið væri gott.

Ármann spurði hvort fundarmenn sæju fyrir sér önnur samstarfsverkefni sem kæmu til greina. Hann benti á að málnefndin væri ekki sterk stofnun. Í henni sitja fimmtán manns og þar af eru fimm í stjórn sem fundar reglulega. Nefndin getur hvatt til ýmissa hluta og vakið athygli á ýmsu en í samvinnu við aðra getur hún áorkað miklu.

*María* sagðist hafa trú á samstarfsverkefnum. Hún nefndi að Hæfnisetur ferðaþjónustunnar ætlaði að hafa samræður við ýmsa um stöðuna í ferðamálum. Það þarf að hvetja fyrirtæki í ferðaþjónustu til að hafa einnig heimasíður á íslensku og að starfsmenn séu talandi á íslensku. Hún tók undir mikilvægi máltækninnar og að reyna að vekja fólk til umhugsunar um stöðu tungunnar á jákvæðan hátt.

*Pétur* sagði að það væri mikill vilji fyrirtækja og almennings að viðhalda sterkri stöðu íslenskunnar. Það gæti gagnast að hafa samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um almenna fræðslu og hjálp til að hvetja fólk

til að nota íslensku í fræðslu og kynningum til almennings. Pétur taldi að við gætum unnið saman að því þó að honum fyndist ekki skipta máli hvort íslenskan væri fyrir ofan og neðan á skiltum. Hann benti á að það þyrfti aðkomu fleiri, þ.e. ekki aðeins sérfræðinga á sviði íslensku.

*Steinunn Stefánsdóttir* minnti á öll málþingin sem haldin voru þegar unnið var að íslenskri málstefnu og að málstefnan væri ekki plagg sem varð til í fílabEinsturni. Reynt var að ná til alls almennings við vinnslu málstefnunnar. Guðrún Kvaran benti á að erfiðlegast hafi gengið að skrifa kaflann „Íslenskan í atvinnulífinu“. Erfitt var að fá einhverja til að tala á málþinginu um íslensku í atvinnulífinu. Einnig var bent á að fulltrúar úr ýmsum geirum sitja í málnefndinni.

*Pétur* benti á að nú væri annar samskiptamáti en fyrir 10 árum, t.d. Twitter og Facebook. Þessir miðlar gætu gagnast ungu fólki með íslenskuna. Steinunn benti á að málnefndin hefur engan til að sinna slíkum síðum.

*Ármann* sagði að vöxturinn í ferðaþjónustu væri risavaxið verkefni. Umhverfið væri erfitt og íslenskan dugi ekki alltaf vel. Það væri mismunandi hve mikla virðingu menn beri fyrir tungunni og menningararfinum. Ýmsar stofnanir hafa sett sér málstefnu, t.d. Reykjavíkurborg. Oft heyrðust kvartanir frá Íslendingum sem koma inn á kaffihús þar sem enginn skilur íslensku. Bent var á að sumir erlendir starfsmenn, t.d. Pólverjar og Litháar, vilja frekar læra ensku en íslensku en þeir líta e.t.v. ekki á Ísland sem endanlegan áfangastað.

Fram kom vilji fundarmanna að þetta yrði ekki síðasti fundurinn um þessi mál.

Fundargestir fengu afhenda bókina Málheimar eftir Ara Pál Kristinsson frá Íslenskri málnefnd sem örlítinn þakklætisvott fyrir það hve vel öll þessi samtök tóku fundarboðinu.